

STARFSÁÆTLUN KÁRSNESSKÓLA 2022 – 2023

Björg Baldursdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

Efnisyfirlit

Formáli	3
Um Kársnesskóla.....	3
Hlutverk og gildi Kársnesskóla	5
Vinahóll – frístund Kársnesskóla	5
1. Stjórnskipulag skólans og skipurit	6
1.1 Stjórnun skólans	6
1.2 Skipurit Kársnesskóla.....	6
1.3 Starfsmenn Kársnesskóla 2022 - 2023	7
2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans	9
3. Tilhögun kennslu.....	11
3.1 Áherslur í kennslu	11
3.2 Kennsluáætlanir.....	14
3.3 Námsmat.....	14
3.4 Heimanámsstefna Kársnesskóla	15
3.5 Stoðþjónusta	15
3.6 Skimunarpróf.....	16
4. Starfsáætlun nemenda	17
4.1 Stundaskrár nemenda	17
5. Val nemenda í 8. - 10. bekk	19
5.1 Valgreinar.....	19
5.2 Samstarf við aðra skóla	19
6. Skólabragur og skólareglur	21
6.1 Skólabragur	21
6.2 Gildi og skólareglur Kársnesskóla	21
6.3 Ferli vegna brota á skólareglum Kársnesskóla.....	22
6.4 Viðmið um ófullnægjandi skólasókn	23
7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð	24
7.1 Skólaráð.....	24
7.2 Foreldrafélag	24
7.3 Bekkjarfulltrúar og nemendaráð.....	24
7.4 Nefndir	25
7.5 Fundir	25

8. Foreldrasamstarf.....	25
9. Innra mat	26
9.1 Niðurstöður nemendakönnunar	26
9.4 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022 – 2023.....	27
10. Upplýsingar um stoðþjónustu.....	29
10.1 Talmeinafræðingur	29
10.2 Sálfræðingur	29
10.3 Skólaheilsugæsla	29
10.4 Námsráðgjafi	29
10.5 Nemendaverndarráð	30
10.6 Þjónusta frá Menntasviði.....	30
11. Tómsundastarf og félagslíf.....	30
11.1 Félagsmiðstöðin EKKÓ	30
11.2 Félagslíf á vegum skólans	30
11.3 Vettvangsferðir.....	31
11.4 Skólabúðir	31
12. Starfspróun	32
13. Viðbragðsáætlanir	32
14. Skólaakstur/skólamáltíðir.....	33
14.1 Skólaakstur	33
14.2 Skólamáltíðir	33
15. Undirritun starfsáætlunar.....	34
Fylgiskjöl.....	35
Fylgiskjal 1 – Innra mat skólans	35

Formáli

Um Kársnesskóla

Kársnesskóli og Þinghólsskóli voru sameinaðir í Kársnesskóla árið 2001 og nú hefur Kársnesskóli sitt 20 starfsár. Við upphaf skólaárs eru 660 nemendur í 10 árgöngum og þar af telja sjö árgangar eina stóra bekkjardeild þar sem hverri þeirra er skipt upp í 3 hópa.

Starfsmenn eru 103, þar af eru kennarar 57 talsins.

Starfsemi skólans er á þremur stöðum:

- v/Vallargerði: 1. og 3. bekkur og 8. – 10. bekkir í skólabyggingunni og 2., 4., og 5. – 7. bekkir í lausum kennslustofum á Vallargerðisvelli. Frístund er jafnframt með aðstöðu í lausum kennslustofum á vellinum.
- v/Holtagerði er íþróttahús.
- v/Borgarholtsbraut er Sundlaug Kópavogs.

Skólabyggingin er opin frá kl. 7:45 alla morgna og lausar kennslustofur frá kl. 8:00.

Opnunartími skrifstofu skólans er mánudaga – fimmtudaga kl. 7:45 – 15:30

og föstudaga 7:45 – 14:30.

Ritarar eru Elísabet Sverrisdóttir og Iðunn Haraldsdóttir.

Símanúmer skólans er 441- 4600.

Netfang ritara er ritari@karsnesskoli.is

Upplýsingaveitur skólans

[Heimasíða](#) skólans geymir helstu upplýsingar um skólastarfið og fréttir af því, s.s.

skólanámskrá, kennsluáætlanir og aðrar áætlanir, upplýsingar um stoðþjónustu, skólareglur og fleira.

[Facebooksíða](#) skólans er sá vettvangur sem færir fréttir úr daglegu starfi skólans.

Skólastjórnendur eru ábyrgðaraðilar fyrir heimsíðu og Facebooksíðu.

[InfoMentor](#) er upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir kennara, nemendur og foreldra. Þar skrá kennarar ástundun, heimanám og námsmat, setja inn vikupósta og boða til foreldraviðtala. Þar geta nemendur og foreldrar/forráðamenn fylgst með skólasókn og námsframvindu auk þess sem foreldrar geta skráð inn veikindi barna og leyfi fyrir stakar kennslustundir.

Vikupóstur kennara til foreldra er birtur á InfoMentor, undir *Upplýsingaveita*.

Tölvupóstur er mikið notaður í samskiptum heimila og skóla og því mikilvægt að netföng forráðamanna inn á InfoMentor séu rétt. Forráðamenn geta sjálfir breytt upplýsingum um netföng og símanúmer inn á InfoMentor. Kennarar svara tölvupóstum eins fljótt og kostur er innan vinnutíma á virkum dögum.

Fréttabréf starfsmanna kallast Vikufréttir og er gefið út á föstudögum. Þar er farið yfir ýmsa dagskrárliði komandi viku og fleira úr skólastarfinu. Ritstjóri er aðstoðarskólastjóri. Innri vefur skólans er fyrir starfsfólk og birtir forföll starfsmanna, matseðil og fleiri upplýsingar til starfsmanna.

Forföll og leyfi nemenda

Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna forföll nemenda á skrifstofu skólans sem fyrst að morgni í gegnum síma en einnig er hægt að skrá veikindi í gegnum InfoMentor. Ef veikindi ná yfir fleiri en einn dag þarf að tilkynna um þau daglega.

Leyfisbeiðnir skulu berast frá foreldrum/forráðamönnum. Hægt er að skrá leyfi fyrir stakar kennslustundir í gegnum InfoMentor, t.d. vegna læknaheimsóknna og stuttra erinda á skólatíma. Leyfi fyrir einn dag eða fleiri skal sækja um á eyðublaði sem fæst hjá ritara eða í gegnum heimasíðu skólans: [umsókn um leyfi](#). Foreldrar/forráðamenn eru minntir á að þeir bera ábyrgð á að nemendur vinni upp það sem þeir kunna að missa úr námi meðan á leyfi stendur, sbr. 15. gr. laga um grunnskóla nr.91/2008.

Mötuneyti og nesti

Kársnesskóli er hnetulaus skóli

Boðið er upp á hafragraut frá kl. 7:50 alla morgna, nemendum og foreldrum að kostnaðarlausu. Nemendum í 8. – 10. bekk gefst jafnframt kostur á að fá ókeypis hafragraut í frímínútum kl. 9:30 á meðan birgðir endast.

Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og tekur matseðillinn mið af leiðbeiningum Lýðheilsustofnunar um hollustu og næringu en hann má sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar/forráðamenn geta skráð nemendur í mataráskrift (og sagt upp áskrift) í gegnum [Vala.is](#). Mataráskrift er greidd fyrirfram og innheimta fer fram í gegnum Kópavogsbæ.

Nemendur í 3. – 10. bekk skammta sér sjálfir mat og er það liður í að gera þá meðvitaða um eigin neyslu, skammtastærðir og matarsóun. Grænfánanefnd skólans stendur fyrir matarsóunarverkefni þar sem lífrænn úrgangur er vigtaður og skráður og er það einn liður í að hvetja nemendur til að huga að umhverfismálum.

Ein af grunnreglum skólans er að leggja áherslu á hollustu og nemendur eru hvattir til að koma með hollt og gott nesti í skólann. Sjoppa skólans selur unglingum brauð, drykk og ávexti í frímínútum á morgnana auk þess að bjóða upp á ókeypis hafragraut.

Námsgögn

Kópavogsbær sér öllum nemendum fyrir ritföngum auk þess sem nemendur í 5. – 10. bekk fá spjaldtölvu til afnota á meðan á skólagöngu þeirra stendur. Umgengnisreglur spjaldtölva eru útlistaðar í [handbókum](#) frá Spjaldtölvuteymi Kópavogs. Kópavogsbær útvegar nemendum í 1. – 4. bekk einnig aðgang að spjaldtölvum í námi á skólatíma.

Kársnesskóli sér nemendum fyrir námsbókum, bæði einnota og fjölnota bókum sem þeim ber að fara vel með.

Óskilamunir

Skólaliðar safna saman óskilamunum af göngum og úr stofum skólans. Þá er hægt að nálgast alla daga. Foreldrar/forráðamenn eru eindregið hvattir til að merkja eigur barna sinna rækilega

og leita til skólans ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda glatast. Óskilamunir eru færðir hjálparstofnunum á vorin þegar skóla lýkur.

Gæsla á skólalóð

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og kennarar annast gæslu á skólalóð í öllum frímínútum dagsins og að auki eru skólaliðar og kennarar nemendum til aðstoðar og leiðbeina þeim í matsal í hádegi.

Hlutverk og gildi Kársnesskóla

Gildi Kársnesskóla eru *virðing*, *þekking*, *ábyrgð* og *ánægja* (sjá nánar kafla 6.2) og hefur starfsfólk það að meginmarkmiði að útskrifa ánægða og vel menntaða nemendur með sterka sjálfsmynd sem eru tilbúnir til að takast á við lífið.

1. Á næstu árum mun Kársnesskóli verða þekktur fyrir faglegt skólastarf og færnimiðað nám þar sem unnið er með styrk hvers og eins.
2. Kársnesskóli mun í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn útskrifa nemendur með jákvæða sjálfsmynd sem eru sjálfstæðir í vinnubrögðum. Skólinn mun leggja áherslu á heilbrigðan lífsstíl og virðingu fyrir umhverfinu.
3. Kársnesskóli verður eftirsóttur vinnustaður með góðum aðbúnaði. Áhersla verður lögð á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk myndar öfluga liðsheild og er tilbúið til að tileinka sér nýjungar.
4. Kársnesskóli mun leggja áherslu á hagkvæmni og skilvirkni í rekstri og ábyrga stjórnun fjármuna.

Vinahóll – frístund Kársnesskóla

Forstöðukona er Júlía Guðmundsdóttir og starfandi aðstoðarforstöðukona er Natalia Irena Bronszewska. Símanúmer Vinahóls er 441–4634 og netfangið er vinaholl@kopavogur.is

Vinahóll er opinn alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 17:00 (að undanskildum tveimur skipulagsdögum). Í frístund eru tæplega 200 börn í 1. – 4. bekk. Forstöðukona er í 100% stöðuhlutfalli og aðrir starfsmenn eru í hlutastörfum. Frístund hefur starf í byrjun ágúst fyrir nemendur verðandi 1. bekkja og þann 25. ágúst fyrir eldri nemendur.

Börnin eru skráð inn í Vinahól við komu á daginn og fylgst er vel með hvar þau eru að leik og starfi uns þau eru skráð út við brottför. Vinahóll er til húsa í lausum kennslustofum í suðvestur horni Vallargerðisvallar. Vinahóll er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs um að koma börnum á íþróttæfingar með frístundavögnum.

Áhersla er lögð á kurteisi, góða umgengni og uppbyggjandi samskipti fólks og er *Uppeldi til ábyrgðar* rauður þráður í öllu starfi þar. Einnig er frjálsi leikurinn og markviss útivist í fyrirrúmi. Daglegt skipulag Vinahóls má sjá á heimasíðu skólans. Foreldrar barna í Vinahóli geta séð fréttir úr daglegu starfi á lokaðri [Facebooksíðu](#).

Skráning í frístund

Skráning í frístund er í gegnum þjónustugátt Kópavogs. Skráning fyrir jólaopnun, páskaopnun, sumaropnun og viðbótardaga í júní er einnig í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Skráning á skipulagsdögum, foreldraviðtalsdögum og skertum dögum er í gegnum [Völuna](#).

Foreldrar/forráðamenn geta skráð börn í frístundavagninn og tilkynnt forföll barna í Vinahól í gegnum [Völuna](#).

Frekari upplýsingar um starfsemi frístundar má finna í starfsáætlun Vinahóls.


1. Stjórnskipulag skólans og skipurit

1.1 Stjórnun skólans

- Björg Baldursdóttir skólastjóri: bjorgb@kopavogur.is
- Sigrún Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri í 8. - 10. bekk, sigrunv@kopavogur.is
- Dagmar Kjartansdóttir deildarstjóri í 1. – 4. bekk, dagmark@kopavogur.is
- Elísabet Gunnarsdóttir deildarstjóri í 5. – 7. bekk, elisabetg@kopavogur.is
- Lára Valdís Kristjánsdóttir deildarstjóri upplýsingatækni, laravaldis@kopavogur.is

1.2 Skipurit Kársnesskóla

Skipurit Kársnesskóla



1.3 Starfsmenn Kársnesskóla 2022 - 2023

Við Kársnesskóla starfa 57 kennarar, aðrir starfsmenn eru 41 og stjórnendur eru fimm.

Nafn	Starfsheiti
Adrianna Anna Bronszewska	Frístundarleiðbeinandi
Aðalheiður Arnbjörnsdóttir	Skólaliði
Agnieszka Bukowska	Skólaliði
Alicja Teresa Rosa	Skólaliði
Ana Djurovic	Skólaliði
Andrea Björk Sigrúnardóttir	Frístundarleiðbeinandi
Anna Katarzyna Bronszewska	Skólaliði
Anna Sigrún Ásmundsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Arna Björg Kristmannsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Arndís Oddfríður Jónsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Ágústa Gunnarsdóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk
Álfheiður Björgvinsdóttir	Kórstjóri og tónmenntakennari
Ása Valgerður Sigurðardóttir	Kennari nemenda með íslensku sem annað móðurmál
Ásdís Rós Clark	Umsjónarkennari í 5. bekk
Ásthildur G. Guðlaugsdóttir	Náms- og starfsráðgjafi
Birta Þöll Kristjánsdóttir	Frístundarleiðbeinandi
Björg Baldursdóttir	Skólastjóri
Björk Varðardóttir	Íþróttakennari
Brynja Andreassen	Umsjónarkennari í 6. bekk
Chaiwe Sól Patiswa Drífud Langa	Kennari nemenda með íslensku sem annað móðurmál
Dagmar Kjartansdóttir	Deildastjóri yngsta stigs
Daníel Þór Jónsson	Stuðningsfulltrúi
Dragica Simic	Matráður, í leyfi
Edda Lind Ágústsdóttir	Sérkennari á yngsta stigi
Edyta Stepniewska	Kennari nemenda með íslensku sem annað móðurmál
Elísabet Gunnarsdóttir	Deildarstjóri miðstigs
Elísabet J Sverrisdóttir	Skólaritari
Elísabet Sveinsdóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Emily Dayanira Parrales Loor	Skólaliði
Erlendur Egilsson	Sálfræðingur
Erna Torfadóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Ester Höskuldsdóttir	Sérkennari á miðstigi
Fidajete Bujupi	Stuðningsfulltrúi
Guðbjörg Lóa Ólafsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Guðfinna Guðmundsdóttir	Heimilisfræðikennari
Guðjón Már Sveinsson	Umsjónarkennari í 8. bekk/ensku og samfélagfræðikennari
Guðni Páll Kárasón	Íþróttakennari
Guðný Jónsdóttir	Myndlistarkennari
Guðný Svava Gestsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Erla Jónsdóttir	Matráður
Guðrún Ólafsdóttir	Bókasafnsfræðingur
Guðrún Pétursdóttir	Stuðningsfulltrúi

Gyða Guðmundsdóttir	Skólaliði
Gylfi Freyr Gröndal	Umsjónarkennari í 9. bekk/samfélagsfræðikennari
Halla Jónsdóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk
Halldóra Ágústsóttir	Myndlistarkennari
Helga Ágústsóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Helga Sjöfn Pétursdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Hulda Guðrún Pálsdóttir	Textílkennari
Iðunn Haraldsdóttir	Skólaritari
Ingi Tandri Traustason	Frístundarleiðbeinandi
Ingibjörg Gylfadóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Ingunn Jónsdóttir	Sérkennari á elsta stigi
Írena Birta Gísladóttir	Frístundarleiðbeinandi
Joanna Pruszyńska	Skólaliði
Jódís Ólafsdóttir	Upplýsinga- og tæknimenntarkennari
Jóhanna Pálsdóttir	Umsjónarkennari í 10. bekk/íslenskukennari
Jón Árni Rúnarsson	Umsjónarmaður fasteigna
Júlía Guðmundsdóttir	Forstöðumaður Vinahóls
Kristinn Sverrisson	Umsjónarkennari í 10.bekk/stærðfræðikennari
Kristín Þorsteinsdóttir	Sérkennari á miðstigi
Kristrún Júlíusdóttir	Sérkennari á elsta stigi
Lára Valdís Kristjánsdóttir	Deildarstjóri upplýsingatækni
Lilja Björk Heiðarsdóttir	Stærðfræðikennari á elsta stigi
Linda Brá Hafsteinsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Magnea Sigurðardóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk
Malgorzata Siuzdak	Skólaliði
María Moritz Sigurðardóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk
Marta Maria Zietal	Skólaliði – í leyfi
Móeiður Júníusdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk/íslenskukennari
Natalia Irena Bronszewska	Frístundarleiðbeinandi
Natalia Mikhaylova	Skólaliði
Pálína Svala Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Ragnheiður Gísladóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Ragnheiður T Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Roksana Dubielczyk	Skólaliði
Ruth Ingólfssdóttir	Heimilisfræðikennari
Rúna Björg Ársælsdóttir	Aðstoðarforstöðumaður frístundar - í leyfi
Rúnar Sigríksson	Íþróttakennari
Sara Jóna Haraldsdóttir	Íþróttakennari - í leyfi
Sif Garðarsdóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk/enskukennari
Signý Gunnarsdóttir	Talmeinafræðingur
Sigríður Hjaltal Pálsdóttir	Hönnunar og smíðakennari
Sigrún Eypórsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk
Sigrún Guðmundsdóttir	Myndlistarkennari
Sigrún Valdimarsdóttir	Aðstoðarskólalastjóri
Sigurbjörg Viðarsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Snezana Zeljkovic	Skólaliði

Snorri Sævar Konráðsson	Stuðningsfulltrúi
Sóley Ægisdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Steinunn Sara Arnardóttir	Frístundarleiðbeinandi
Svanhildur Margrét Ólafsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Sveinn Sævar Pálsson	Matráður
Sölvi Guðmundsson	Náttúrufræðikennari á elsta stig
Tinna Björk Baldvinsdóttir	Sálfræðingur
Tinna Viðarsdóttir	Íþróttakennari
Torfi Guðbrandsson	Umsjónarkennari í 7. bekk
Urszula Bukrewicz	Skólaliði
Vaka Dóra Róbertsdóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk/dönskukennari
Valdís Arnarsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk
Vera M. B. Da Conceicao Santos	Skólaliði
Víðir Þórarinsson	Umsjónarkennari í 8. bekk/stærðfræðikennari
Þ. Bjarndís Þorbergsdóttir	Sérkennari á yngsta stigi
Þóra Marteinsdóttir	Tónmenntakennari

Aðrir sem hafa starfsstöð innan skólans	
Alma Egilsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Aron Rafn Gissurarson	Aðstoðarforstöðumaður EKKÓ
Kristín Lilja Jónsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Marianna Wathne Kristjánsdóttir	Forstöðumaður EKKÓ

2. Skóladagatal og skýringar á útfærslu skólans

Skóladagatal Kársnesskóla 2022 - 2023 má nálgast á heimasíðu skólans. Það er unnið skv. lögum og reglugerðum. Skólastjórnendur gera drög að dagatali sem lagt er fyrir kennarafund og kennarar hafa ákveðinn tíma til að koma með breytingartillögur. Lokaútgáfa er lögð fyrir kennarafund og skólaráð til umsagnar og samþykktar.

Skóladagar nemenda eru 180 og þar utan eru sex skipulagsdagar að hausti og tveir að vori. Þá daga vinna kennarar að undirbúningi skólastarfsins og frágangi. Hér er nánari útlistun á skóladagatali:

15. – 22. ág	Skipulagsdagar - Starfsfólk vinnur að undirbúningi skólastarfsins.
23. ág	Skólasetning - Nemendur fá stundaskrár. Skertur skóladagur.
24. ág	Kennsla hefst skv. stundaskrá. 1. bekkingar mæta í viðtöl til umsjónarkennara
8. sept	Dagur læsis
5. – 9. sept	Haustfundir – Kennarar kynna foreldrum starf vetrarins
6. sept	Vinum saman - Námskeið og námskynning fyrir foreldra barna í 1. bekk
16. sept	Dagur íslenskrar náttúru
26. sept	Evrópski tungumáladagurinn

7. okt	Skipulagsdagur í skóla og í frístund.
5. – 7. okt	Frammistöðumat - Nemendur og kennarar gera frammistöðumat
11. okt	Foreldraviðtöl - Nemendur mæta ásamt foreldrum í skipulagða viðtalstíma Opið í frístund kl. 8 – 17
20. – 21. okt	Þemadagar Skertir skóladagar.
24. – 25. okt	Vetrarleyfi
8. nóv	Vináttuganga/baráttudagur gegn einelti
16. nóv	Dagur íslenskrar tungu - Upphaf Stóru upplestrarkeppninnar í 7. bekk
17. nóv	Skipulagsdagur í skóla. Opið í frístund frá 8 – 17.
20. nóv	Dagur mannréttinda barna
1. des	Fullveldisdagur Íslands – Dagur íslenskrar tónlistar
14. des	Vinadagur - Vinabekkir hittast
19. des	Jólaball EKKÓ
20. des	Jólaskemmtanir. Opið í frístund til 17. Skertur skóladagur.
21. des - 2. jan	Jólaleyfi
3. jan	Skipulagsdagur. Opið í frístund kl. 8 – 17.
4. jan	Kennsla hefst skv. stundaskrá
16. jan	Vorönn hefst
23. – 27. jan	Laugaferð – 9. bekkur að Laugum á Laugarvatni í tómstunda- og félagsmálabúðum UMFÍ
6. – 17. feb	Foreldraviðtöl - Nemendur mæta ásamt foreldrum í skipulagða viðtalstíma eftir skóla
20. – 24. feb	Skólabúðir – 7. bekkur á Reykjum í skólabúðum UMFÍ
22. feb	Öskudagur – Skertur skóladagur. Opið í frístund frá skólalökum til kl. 17
23. – 24. feb	Vetrarleyfi
9. mars	Vinadagur - Vinabekkir hittast
14. mars	Dagur stærðfræðinnar
15. mars	Skipulagsdagur í skóla og frístund.
30. mars	Árshátíð elsta stigs
31. mars	Árshátíð yngsta- og miðstigs
1. – 10. apríl	Páskaleyfi Opið í frístund 3.-5. apríl
11. apr.	Kennsla hefst skv. stundaskrá
20. apr.	Sumardagurinn fyrsti - Frídagur
21. apr.	Umhverfisdagur – vinabekkir vinna saman. Skertur skóladagur.
11. maí	Góðgerðardagur
26. maí	Uppstigningardagur - Frídagur
19. maí	Skipulagsdagur. Opið í frístund kl. 8 – 17
29. maí	Annar í hvítasunnu

30. maí – 1. júní	10. bekkir vinna vorverkefni
2. júní	Íþróttadagur miðstigs , útivist hjá yngsta- og elsta stigi. 10.b kynnr vorverkefni.
5. júní	Íþróttadagur yngsta og elsta stigs , útivist hjá miðstigi.
6. júní	Kársneshlaup - Útskrift 10. bekkinga. Opið í frístund kl. 9 – 17. Skertur skóladagur.
7. júní	Skólaslit. Opið í frístund kl. 9 – 17. Skertur skóladagur.
8. – 9. júní	Skipulagsdagar - Starfsfólk vinnur að uppgjöri vetrarins

3. Tilhögun kennslu

3.1 Áherslur í kennslu

Í Kársnesskóla er bekkjarkerfi með umsjónarkennara en teymiskennsla verður meira áberandi með hverju árinu og nú eru sjö árgangar sem falla undir teymiskennslu: 2., 3., 4., 7., 8., 9. og 10. árgangur. Í öðrum árgöngum er bekkjum blandað saman í námshópa í lotum, íþróttum og einstaka námsgreinum/verkefnum.

Stundatafla er unnin í samræmi við viðmiðunarstundaskrá í aðalnámskrá frá 2013. Kennt er eftir skólanámskrá sem byggir á aðalnámskrá grunnskóla og hana má sjá á heimasíðu skólans. Lögð er áhersla á sérstöðu skólans sem er Skólakór Kársness, söguaðferðin, útikennsla og þema á elsta stigi.

Teymiskennsla

Í teymiskennslu á yngsta stigi og miðstigi eru þrír eða fleiri kennarar samábyrgir fyrir kennslu í tilteknum árgöngum þar sem þeir deila ábyrgð á öllum nemendahópnum, undirbúa sig saman og kenna einnig saman að einhverju marki. Á elsta stigi deila tveir/þrír kennarar ábyrgð á öllum nemendum í sínum árgangi en að auki er teymiskennsla í þemaverkefni stigsins og að einhverju leyti innan námsgreina.

Í teymiskennslu árgangs er einn töluvert fjölmennur bekkur sem síðan er skipt í nokkra minni og mismunandi námshópa, allt eftir námsgreinum. Hóparnir geta verið misstórir eftir verkefnum og á þann hátt er auðveldara að mæta ólíkum þörfum nemenda.

Teymiskennsla felur í sér marga kosti og má þar m.a. nefna meiri sveigjanleika og fjölbreytni í verkefnum og kennsluháttum. Félags-, tilfinninga- og námsþarfir nemandans eru ræddir í teymi kennaranna sem að honum koma þar sem þeir þekkja allir nemandann vel. Þá tengjast nemendur fleiri kennurum (og kennarar nemendum) og hafa þannig fleiri fullorðna til að leita til varðandi ráðgjöf og aðstoð. Regluleg hópaskipti geta leitt til meiri samveldni innan nemendahópsins, eflir félagsfærni nemenda og þeir kynnast betur innbyrðis. Þá er námsmat oft samræmdara. Kostir teymiskennslu fyrir kennara er m.a. meiri samvinna, stuðningur, dreifðari ábyrgð og aukin verkskipting milli þeirra. Meiri líkur eru á fjölbreyttari kennsluháttum og verkefnum og mismunandi sýn á nemendur.

Syngjandi skóli

Kársnesskóli er syngjandi skóli. Þrjá daga vikunnar hefst skóladagurinn á yngsta stigi með samsöng á sal. Tónmennt er kennd einu sinni í viku í 40 mínútur í senn hjá öllum nemendum í

1. – 5. bekk og í lotum í 6. og 7. bekk auk þess sem 3. – 7. bekkur syngur í kór aðrar 40 mínútur í viku. Engin tónmenntakennsla er á elsta stigi en nemendum gefst kostur á að vera í Skólakór Kársness.

Skólakór Kársness er fjórtíu og sex ára gamalt flaggskip skólans. Litli kór, sem er 3. – 4. bekkur, syngur undir stjórn Álfheiðar Björgvinsdóttur og Þóru Marteinsdóttur. Kórarnir á miðstigi eru að jafnaði kynjaskiptir og syngja undir stjórn Álfheiðar. Í Skólakór Kársness syngja nemendur á elsta stigi og kórstjóri er Álfheiður.

Verkefni kóranna eru fjölbreytt og koma allir kórar fram bæði innan skóla og utan hans. Litli kór heimsækir heimilisfólk á Sunnuhlíð og fer hver hópur einu sinni á hvorri önn. Skólakór Kársness og kórarnir í 5. bekk hafa þann sið að syngja jólalög í Kópavogskirkju á aðventunni í svokölluðum Jólasöngvum Kársness og í hugum margra Kársnesbúa er það einn mikilvægasti viðburður aðventunnar. Í nokkur ár hafa 6. og 7. bekkingar sungið með Jólagestum Björgvins rétt fyrir jólin. Allir kórar koma fram á Sönghátíð Kársness á vordögum og einnig erum við í samstarfi við Kópavogskirkju og hver hópur kemur a.m.k. einu sinni fram yfir veturinn í fjölskyldustund á sunnudegi. Þá er samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Skólakórsins viðamikið og fjölbreytt.

Söguaðferðin

Samfélagsfræði og náttúrufræði í 1. - 7. bekk byggir að stærstum hluta á söguaðferðinni, en ár hvert vinnur hver árgangur nokkra söguramma sem samþætta tvær eða fleiri námsgreinar. Söguaðferðin er kennsluaðferð sem er notuð við þemavinnu. Nafn sitt dregur hún af skipulaginu sem er eins og í sögu. Hún hefur ákveðna byrjun, söguþráðurinn skiptist í kafla sem tengjast og síðan er ákveðinn endir. Þegar unnið er með söguaðferðinni er byrjað á að spyrja opinna spurninga til að finna út hvað nemendurnir vita, halda eða geta ímyndað sér. Þetta er oft gert með hugstormun. Tilgangurinn með þessu upphafi er að fá nemendur til að hugsa sjálfa, rifja upp eða að reyna að gera sér í hugarlund allt eftir þeirra reynslu og þekkingu. Þegar þessu er lokið hefjast nemendur handa við að búa til, ræða eða skrifa um svörin við opnu spurningunni. Þegar öllu þessu er lokið fara nemendur og skoða eða lesa um það raunverulega og vinna verkefni samkvæmt sögurammanum. Vinnunni lýkur ávallt með sýningu sem nemendur og kennarar undirbúa og bjóða foreldrum og systkinum að sækja.

Útikennsla

Síðustu misseri höfum við lagt stöðugt meiri áherslu á útikennslu og er hún meðal annars töflusett í lotum á yngsta stigi, en á öðrum stigum stýra kennarar hvenær slík kennsla fer fram. Í útikennslu fer nám fram í gegnum útiveru og leik. Hægt er að nýta umhverfið til kennslu í nánast öllum greinum og áhersla er lögð á tengsl við grenndarsamfélagið og upplifun sem reynir á öll skilningarvitin. Hér í Kársnesskóla búum við svo vel að hafa náttúruperlur allt um kring í göngufjarlægð; fjöruna, Borgarholt (kirkjuholtið), Ævintýraskóginn og Rútstún.

Helstu markmið eru að nemendur:

- kynnist sínu nánasta umhverfi s.s. skólalóð, fjöru og Borgarholti
- læri að klæða sig eftir veðri

- verði meðvitaðri um náttúruna og læri að njóta hennar
- tengist sínu nánasta umhverfi og læri að bera virðingu fyrir því
- efli hnattræna sýn, t.d. með fræðslu um endurvinnslu
- efli líkamlegt heilbrigði

Þema á elsta stigi

Tvo dagparta í viku er stundatafla nemenda lögð undir þema. Nær allir kennarar á elsta stigi vinna að undirbúningi þema sem nær yfir 3 vikur að jafnaði, eftir umfangi og viðfangsefni hverju sinni. Þær námsgreinar sem liggja til grundvallar þemanu eru íslenska, samfélagsfræði, og upplýsinga- og tæknimennt, auk þess sem lykilhæfni vegur þungt. Aðrar námsgreinar fá minna vægi í þema en birtast þó reglulega í nokkrum verkefnum.

Markmiðin með þemadegi eru helst þessi:

- Að skapa verkefnamiðað umhverfi sem kveikir áhuga nemenda á náminu, eflir metnað þeirra og ýtir undir aukinn námsárangur.
- Samvinna og fjölbreytni í kennsluháttum.
- Að efla sjálfstæð vinnubrögð nemenda.
- Að auka sjálfstæða og skapandi hugsun.
- Að auka samvinnunám.
- Vinna skapandi verkefni í námi og kennslu.
- Að nálgast viðfangsefni, hæfniviðmið og lykilhæfni á annan hátt en í öðrum kennslustundum.
- Samþætting námsgreina.
- Gefa fleiri nemendum tækifæri á að njóta sín.

Í júní 2022 fóru kennarar af elsta og miðstigi til Ítalíu og sátu 7 daga á Erasmus+ námskeiði um Project Based Learning eða verkefnamiðað nám. Í verkefnamiðuðu námi eru 21. aldar færniþættir eins og gagnrýnin hugsun, lausnaleit, frumkvæði, ábyrgð og samvinna meginþræðir í verkefnum sem byggja á raunverulegum viðfangsefnum sem nemendur rannsaka og tengja við. Með þjálfun og menntun kennara í PBL er markmiðið að efla þessa færniþætti og gera nemandann að virkum þátttakanda í samstarfi við aðra nemendur auk þess að efla nemendalýðræði sem gengur út á að nemendur hafi frelsi og val til ákvarðana um eigið nám innan marka námskrár.

Vorverkefni 10. bekkjar

Sú hefð hefur skapast að nemendur í 10. bekk vinna að vorverkefni síðustu daga grunnskólagöngunnar, ýmist í hópum eða einir og sér. Markmiðið er að nemendur velji sjálfir hvaða verkefni þeir vilja leysa af hendi og útfærsluna á því. Þeir hefja og enda skóladaginn hjá kennara og fara yfir verkefni dagsins, halda vefdagbók og skila afurð. Á lokadegi er foreldrum og 9. bekkjum boðið á kynningu þar sem hvert verkefni er kynnt og afurðin sýnd. Verkefni eru öllu jafna mjög fjölbreytt og hafa nemendur m.a. smíðað kassabíl, billjardborð og krossara, búið til og framleitt kerti, samið og búið til borðspil, hannað og

smíðað skartgrip og fatamerki (logo), gefið út matreiðslubækur, samið og flutt tónverk, málað og sýnt myndlistarverk, staðið fyrir söfnun tilhanda ýmsum félögum og margt fleira.

Lestur og ritun

Unnið er eftir stefnu Kópavogsbæjar um Mál og lestur og læsisstefnu skólans en hún nær yfir lestraraðferðir, fjölbreyttar leiðir í kennslu auk þess að hafa ítarlega gátlista fyrir kennslu og námsmat. Stefnuna er að finna á heimasíðu skólans en hún er í endurskoðun þetta skólaár og mun læsisnefnd sjá um þá vinnu. Læsisnefnd er skipuð kennurum umsjónarkennurum, sérkennurum og ÍSAT kennara.

List- og verkgreinar

List- og verkgreinar eru kenndar í í lotum í 1. - 8. bekk, í um 6 vikur í senn. Það er mismunandi milli árganga hvaða greinar eru kenndar en þær greinar sem kenndar eru í lotum í vetur eru: hönnun og smíði, textíll, myndlist, heimilisfræði, nýsköpun, upplýsingatækni, sund, útikennsla, vísindi og tónmennt (í 5. og 6. b). Allir nemendur í 1. - 4. bekk eru í tónmennt einu sinni í viku allan veturinn.

Í 9. og 10. bekk eru list- og verkgreinar kenndar sem bundnar valgreinar sem merkir að nemendur verða að hafa list- og verkgreinar að lágmarki helming valgreinatíma. Lista yfir þær greinar sem kenndar eru í vetur má sjá í kafla 5.1.

Í öllum árgöngum er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og er tölvutæknin nýtt á fjölbreyttan hátt með tilkomu spjaldtölva þar sem allir kennarar hafa lagst á eitt við að nýta þá tækni við kennsluna.

3.2 Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir eru birtar á heimasíðu skólans. Þar koma fram hæfniviðmið, leiðir, námsgögn og námsmat og ná þær allt frá nokkrum vikum upp í heila önn.

Námsáætlanir og námslotur eru birtar á Google Classroom fyrir nemendur og verkefnaskil/próf skráð á Infomentor.is fyrir nemendur og foreldra.

3.3 Námsmat

Unnið er eftir námsmati í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla 2011. Á öllum stigum er gefið eftir hæfniviðmiðum skólanámskrár. Á yngsta stigi er gefið í umsögnum; *til fyrirmyndar – hæfni náð – á góðri leið og hæfni ekki náð*. Á miðstigi og elsta stigi fá nemendur einkunnir í bókstöfum A – B+ – B – C+ – C – D. Kennarar birta nemendum og foreldrum námsmat (einkunnir og/eða umsagnir fyrir verkefni) jafnóðum á InfoMentor svo hægt er að fylgjast með frammistöðu og framvindu jafnóðum.

Í 4., 7. og 10. bekk er gefin lokaekunn í hverri námsgrein eftir matsviðmiðum aðalnámskrár að vori. Í öðrum árgöngum fá nemendur skriflega umsögn um frammistöðu en ekki lokaekunn.

3.4 Heimanámsstefna Kársnesskóla

Heimanámsstefna Kársnesskóla er svohljóðandi:

- Lestur til yndis og fræðslu skal vera rauður þráður í heimanámi gegnum alla skólagöngu nemenda í Kársnesskóla frá upphafi 1. bekkjar til loka grunnskólans í 10. bekk.
- Heimanám á að hafa skýr markmið og skýran tilgang. Ávinningur heimanáms á að vera öllum ljós.
- Heimanám má aldrei vera íþyngjandi eða byrði á heimilum nemenda.
- Heimanám á að vera fjölbreytt og viðráðanlegt öllum nemendum.
- Heimanám er ein af mörgum leiðum foreldra til þess að fylgjast með námi barna sinna. Með vikulegum bréfum um starfið frá umsjónarkennurum, skráningarkerfinu í InfoMentor og greiðum aðgangi foreldra að umsjónarkennurum, geta foreldrar fylgst með námi barna sinna. Enn fremur stendur foreldrum til boða að koma í skólann og fylgjast með starfinu.

3.5 Stoðþjónusta

Sérkennsla

Skipulag sérkennslu er unnið af skólastjórnendum en sérkennarar sjá um daglegt skipulag hennar. Sérkennarar eru fimm, einn þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar eru átta, í mismiklu starfshlutfalli. Stundatöflur sérkennara og stuðningsfulltrúa breytast nokkuð ört yfir veturinn þar sem reynt er að koma til móts við sem flesta nemendur. Stuðningsfulltrúar eru ýmist inni í bekkjum til aðstoðar eða styðja fámenna hópa við námið á öðrum stað.

Meginmarkmið með sérkennslu í Kársnesskóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda. Leitast er við að ná þessu markmiði með jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum um leið og lögð eru fyrir verkefni við hæfi. Sérkennslan er skipulögð með þarfir nemandans að leiðarljósi og stuðst er við bæði greiningar sem nemendur eru með frá sérfræðingum og niðurstöður námsmats. Í sérkennslu er unnið með nemendur sem þurfa verulega aðstoð og kennslu í lestri, íslensku og stærðfræði. Í einhverjum tilfellum er gerð einstaklingsnámskrá fyrir nemendur þar sem námsmarkmið eru tilgreind en oftast en ekki fylgja nemendur bekkjarnámskrá en þurfa aðeins tímabundna þjálfun. Þegar nemendur hafa náð markmiðum sínum eru þeir útskrifaðir.

Umsjónarkennari skal í samráði við foreldra sækja um sérkennslu fyrir nemanda ef hann telur ástæðu til og ef nemandi vísar verulega frá í námi og þroska. Umsóknir um námsaðstoð og greiningu eru sendar til viðkomandi deildarstjóra á sérstöku eyðublaði, sem í samráði við sérkennara, metur hvort og hvernig sérkennslu eða stuðning nemandi þarfnast. Enginn nemandi fer í sérkennslu/sérúrræði án slíkrar umsóknar. Allar umsóknir og niðurstöður þeirra eru trúnaðarmál.

Kennarar nemenda með íslensku sem annað mál (ÍSAT)

Við skólann starfa þrír kennarar sem sérhæfa sig í kennslu nemenda með íslensku sem annað mál. Milli mála próf er ætlað að meta orðaforða nemenda með íslensku sem annað tungumál sem hafa dvalið hér lengur en í tvö ár, en einnig fyrir íslensk börn sem hafa dvalið erlendis fimm ára eða meira. Prófið er lagt fyrir 1., 4., 7. og 9. bekkina.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Hann vinnur eftir áætlun sem bekkjarkennari hefur útbúið í samráði við sérkennara, sálfræðing eða annan ráðgjafa. Starf hans miðar að því að auka færni og sjálfstæði nemenda og að draga smám saman úr þörf þeirra á stuðningi í þeim tilvikum sem það er talið rétt. Stuðningsfulltrúi getur starfað í almennum bekk, sérúrræði og frístund, eftir nánari ákvörðun skólastjórnenda.

Færnitímar

Færnitímar eru kennslustundir þar sem fámennir nemendahópar fá færniþjálfun í formi list- og verkgreina og/eða út frá áhugasviðsverkefnum. Meginmarkmiðið er að byggja upp jákvætt viðhorf gagnvart skóla, vinna gegn skólaleiða, efla félagsfærni og samskipti í gegnum annars konar verkefni en alla jafna eru unnin í skólastofunni. Fjölmargir kennarar koma að færnitímum, bæði umsjónarkennarar og list- og verkgreinakennarar.

3.6 Skimunarpróf

Hér má sjá yfirlit yfir þau skimunarpróf sem notuð eru í Kársnesskóla. Stuðningur við nemendur sem glíma við lestrarerfiðleika er einstaklingsmiðaður. Hann getur verið fölginn í tímabundinni lestrarþjálfun hjá sérkennara eða öðrum kennara, auknum stuðningi við heimilin eða annars konar úrræði sem við á hverju sinni. Sérkennari og umsjónarkennari vinna saman að því að finna viðeigandi úrræði.

Próf og skimanir	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b	8. b	9. b	10. b
Framsagnarpróf				mars/apr			mars/apr			feb/mars
Lesfimiþróf	jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí	sept., jan., maí
Lesmál		apr.								
Lesskimun	okt.									
Læsi	nóv., feb., maí	nóv., feb.								
Orðarún			okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.	okt. og feb.		
Tove Krogh	okt.									
Logos lesskimun			vorönn				vorönn			
Milli mála – skimun f. ÍSAT*	x			x					x	
Stafakönnun	nóv., feb., maí									

*Milli mála er lagt fyrir nemendur sem eru með íslensku sem annað tungumál og hafa dvalið 2 ár eða lengur á Íslandi.

Samræmd próf

Samræmd próf verða ekki lögð fyrir nemendur þetta skólaár.

4. Starfsáætlun nemenda

4.1 Stundaskrár nemenda

Umsjón með stundarskrárgerð er í höndum aðstoðarskólustjóra. Stundaskrár taka mið af viðmiðunarstundaskrá grunnskóla þar sem kennslustundum er dreift á viðkomandi stig og séð til þess að heildarsamræmis sé gætt milli árganga.

Gerðar eru stundatöflur bekkja í 1. – 7. bekk og einstaklingsstundatöflur fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Allar stundarskrár eru birtar á InfoMentor.is og eru sýnilegar á göngum skólans.

Kennsla hefst kl. 8:10 í 1. – 7. bekk, henni lýkur kl. 13:20 á yngsta stigi og kl. 14:15 á miðstigi. Nemendur í 8. – 10. bekk hefja skóladaginn kl. 8:30 og er daglegur skólatími þeirra breytilegur.

Á yngsta- og miðstigi eru 40 mínútna kennslustundir. Þrisvar í viku hefst skóladagurinn á yngsta stigi á samsöng á sal og tvisvar í viku er næðisstund fyrstu 10 mínútur skóladagsins. Á elsta stigi eru 60 mínútna kennslustundir. Í viðmiðunarstundaskrá eru kennslustundir taldar út í 40 mínútum hjá öllum bekkjum. Vikulegur kennslustundafjöldi á viku eru:

- 30 stundir í 1. – 4. bekk
- 35 stundir í 5. – 7. bekk
- 37 stundir í 8. – 10. bekk

Viðmiðunarstundaskrá	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku	Kest á viku
Námsgreinar										
Íslenska	8	8	7	7	7	7	6	6*	6*	6*
Erlend tungumál			1	1	3	3	6	6	6	6
List- og verkgreinar	5**	5**	6**	6**	7**	6**	6**	4,5**	3**	3**
Náttúrugreinar	2	3	2	3	3	3	3	3	3	3
Skólaíþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Samfélagfræði	4	4	4	3	5	5	4	4,5*	4,5*	4,5*
Stærðfræði	5	5	5	5	6	6	6	6	6	6
Upplýsinga- og tæknim	1	1	1	1	***	***	***	***	***	***
Val	2	1	1	1	2	2	1	4,0*	5,5*	5,5*
	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37

* ein kennslustund á viku fellur inn í þemaverkefni, nema í vali þar sem fjórar kest falla undir þema

** List- og verkgreinar eru kenndar í lotum í 1. – 7. bekkjum, að tónmennt undanskilinni í 1. – 5. bekk. Í 8. bekk eru nemendur 3 kennslustundir á viku í list- og verkgreinum. Í 9. – 10. bekk eru list- og verkgreinar hluti af vali, þar sem helmingur valgreina er bundinn á þann veg að nemendur verða að velja list- og verkgreinar í þremur af 6 stundum.

*** Upplýsinga- og tæknimennt er samþætt öllum bóklegum námsgreinum og ekki skráð inn á töflu nemenda á mið- og elsta stigi.

Fjölgreindaleikar og þemadagar

Brugðið er út frá hefðbundinni stundaskrá á hverjum vetri og þemadagar og fjölgreindaleikar settir á dagskrá. Þessir dagar skiptast á annaðhvort ár og í ár eru þemadagar á dagskrá 20. og 21. október. Þema þetta skólaár er regnbogi og útfærsla í höndum kennara sem vinna saman á stigum en þvert milli árganga innan stiga.

Á þemadögum er nemendum skipt upp í hópa innan hvers stigs. Kennarar hvers stigs útfæra stöðvar og verkefni og allir nemendur þess stigs fara á allar stöðvar og vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Hugmyndin að fjölgreindaleikum er byggð á kenningum Howard Gardner um fjölgreindir þar sem gengið er út frá því að allir séu góðir í einhverju og að allir eigi að fá tækifæri til að fást við það sem þeir eru sterkir í. Með fjölgreindaleikunum náum við að skapa eftirminnilegan atburð þar sem nemendur og starfsfólk eiga góða daga við leik og störf.

Á fjölgreindaleikum er öllum nemendum skipað í ríflega 40 hópa og í hverjum hópi eru nemendur úr hverjum árgangi þar sem einn eða tveir nemendur úr 9. og 10. bekk leiða hópinn. Hver hópur fer síðan á milli rúmlega 40 stöðva og leysir þar fjölbreytt verkefni sem eru eins ólík og stöðvarnar eru margar.

Góðgerðardagur

Góðgerðardagur Kársnesskóla hefur festis í sessi og er nú árlegur stórviðburður í skólanum að vori. Þá vinna nemendur undir leiðsögn kennara að fjölbreyttum verkefnum s.s. búa til og selja listmuni, nytjahluti, baka bakkelsi og pizzur, setja upp ólíkar stöðvar með þrautum og hinu sívinsæla draughúsi og standa fyrir ýmsum uppákomum hér og þar um skólann og skólalóðina. Þessi hátíðardagur er í samstarfi við foreldrafélag skólans og allir sem að verkefnum dagsins koma gefa vinnu sína. Foreldrar, starfsfólk, fyrirtæki og velunnarar skólans styrkja Góðgerðardaginn veglega og njóta hin ýmsu félög góðs af, t.d. Unicef, Rauði Krossinn og Abc barnahjálpi, en 7. bekkingar velja hvaða félag skal styrkja ár hvert. Góðgerðardagurinn þetta skólaár verður 11. maí 2023.

Umhverfisdagur

Á hverju vori er svokallaður umhverfisdagur á skóladagatali. Þann dag tileinkum við umhverfinu, vinnum verkefni og fræðumst um umhverfis- og loftslagsmál auk þess sem nemendur og starfsfólk ganga um allt Kársnesið og tína rusl.

5. Val nemenda í 8. - 10. bekk

5.1 Valgreinar

Nokkuð gott og fjölbreytt framboð er á valgreinum við Kársnesskóla. Valið er einstaklingsmiðað og vonast til að nemendur velji út frá eigin áhugasviði eftir því sem völ er á. Í upphafi er boði á upp á þriðja tug valgreina en lágmarkspáttökufjöldi verður að vera til staðar svo valgrein sé haldið úti. Nær allir kennarar sem koma að kennslu valgreina eru kennarar við skólann að undanskildu fjarnámi við framhaldsskóla og þeim greinum sem kenndar eru í Tækniskólanum, en þar býðst nemendum að kynnast matvælagreinum og iðngreinum í grunnskólavali sem skólinn býður upp á. Nemendur geta fengið nám utan skóla og þátttöku í tómstundastarfi metið sem valgrein og þurfa þá umsýgnaraðilar námsins/tómstundastarfsins að staðfesta tímafjölda á viku, og foreldrar að kvitta undir og staðfesta ígildi valgreinarinnar.

Valgreinar eru kenndar eftir hádegi alla daga vikunnar, og eru valgreinaskipti um annarskil, um miðjan janúar.

Fjöldi kennslustunda í valgreinum eftir árgöngum:

- 8. bekkur er með 3 klst eða 4,5 kennslustundir
- 9. bekkur er með 4 klst eða 6 kennslustundir
- 10. bekkur er með 4 klst eða 6 kennslustundir

Valgreinar í boði 2022 - 2023

- | | |
|---------------------------|---------------------|
| • Allir með strætó | • Korfubolti |
| • Árbók 10. bekkinga | • Leir |
| • Badminton | • Myndlist |
| • Bestu bíómyndir í heimi | • Roblox |
| • Catan og borðspil | • Skapandi skrif |
| • Eldað saman | • Skólakór |
| • Fjallgönguval | • Stærðfræðipjálfun |
| • Fjarnám | • Sögusagnir |
| • Fótbolti | • Textíll |
| • Gagnrýnin hugsun | • Út að leika |
| • Hár í höndum | • Útúrdúr |
| • Hönnun og smíði | • Tækniskólavali |
| • Japönsk menning | |

5.2 Samstarf við aðra skóla

Gott samstarf er við Tækniskólann varðandi iðngreinaval fyrir sama árgang. Einnig erum við í samstarfi við Tungumálver sem sér um kennslu í norsku og sænsku. Kársnesskóli og leikskólar hverfisins eru í samstarfi um Vináttugöngu 8. nóvember ár hvert og þá koma elstu leikskólanemendurnir í skólaheimsókn tvisvar á ári og nemendur í 4. bekk fara í heimsókn í leikskólanna til að lesa fyrir yngri börn. Kársnesskóli er einnig í samstarfi við Tónlistarskóla

Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs á þann veg að tónlistarkennarar fá aðstöðu til kennslu/æfinga á skólatíma eftir því sem húsnæði leyfir.

6. Skólabragur og skólareglur

6.1 Skólabragur

Uppeldi til ábyrgðar er uppeldis- og samskiptastefna sem stuðst er við í Kársnesskóla. Hún miðar að því að efla innri hvata barnanna til að verða góðir og gefandi einstaklingar sem lifa í sátt við annað fólk og umhverfi sitt. Þar er viðurkennt að öllum getur orðið á mistök og tækifæri gefið til að leiðrétta þau eftir bestu getu. Þessi uppeldisstefna er ekki einungis leiðarvísir að gefandi samskiptum barnanna heldur starfsmannanna líka og setur sinn brag á allt skólastarf. Opnar spurningar eru notaðar til að leiða börnin áfram í átt að uppbyggilegum verkefnum og lausnum á vandamálum. Við vörumst að stýra börnum með umbun og refsingu.

Allir bekkir gera með sér bekkjarsáttmála þar sem unnið er út frá grunnþörfunum öryggi, umhyggja, gleði, stjórnun og frelsi.

Nemendur hafa greiðan aðgang að öllu starfsfólki skólans og er erindum þeirra vel tekið og hlustað á raddir þeirra.

Gott samstarf félagsmiðstöðvarinnar EKKÓ og skólans skilar sér í léttum skólabrag á elsta stigi og nemendur bera virðingu fyrir húsnæði skólans og starfsfólki.

6.2 Gildi og skólareglur Kársnesskóla


Gildi Kársnesskóla eru þekking, virðing, ánægja og ábyrgð.



Í uppeldisstefnu skólans er lögð áhersla á gildi skólans en jafnframt eru skýr mörk á hegðun sem ekki er liðin. Í Kársnesskóla líðum við ekki:

- Ofbeldi
- Virðingarleysi
- Vímuefni
- Skemmdarverk
- Óhollustu

6.3 Ferli vegna brota á skólareglum Kársnesskóla



6.4 Viðmið um ófullnægjandi skólasókn

Kópavogsbær hefur sett fram samræmd viðmið vegna ófullnægjandi skólasóknar og Kársnesskóli fylgir þeim viðmiðum.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN LEYFI/VEIKINDI



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisfunda við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

PREP 1 5-9 DAGAR	PREP 2 10-14 DAGAR	PREP 3 15-19 DAGAR	PREP 4 20-29 DAGAR	PREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skóla- hjúkunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnum eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaþýkts barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaþýkdualdur og sækir skóla“.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN FJARVISTIR



Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

PREP 1 2-4 FJARVISTIR	PREP 2 5-9 FJARVISTIR	PREP 3 10-14 FJARVISTIR	PREP 4 15-24 FJARVISTIR	PREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtali við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnum eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur „Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaþýkts barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaþýkdualdur og sækir skóla“.

7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

7.1 Skólaráð

Í skólaráði eru fulltrúar foreldra, nemenda, kennara, starfsmanna og aðila frá grenndarsamfélaginu.

Í skólaráði skólaárið 2021 - 2022 eru:

- Björg Baldursdóttir skólastjóri
- Helga Guðný Sigurðardóttir og Indriði Ingi Stefánsson fulltrúar foreldrafélags
- Magnús Emil Pétursson og annar fulltrúi nemenda
- Ragnheiður Gísladóttir og Sif Garðarsdóttir fulltrúar kennara
- Iðunn Haraldsdóttir ritari, fulltrúi starfsmanna
- Fulltrúi grenndarsamfélags verður kjörinn á fyrsta fundi skólaráðs í október

Fyrsti fundur er settur þriðjudaginn 4. október. Fundir eru tveir/þrír á hvorri önn. Í skólaráði eru tekin fyrir mál sem varða skipulag á skólalaldi, farið yfir ýmsar áætlanir sem skólaráði ber að hafa álit á og mál sem berast frá foreldrum og nemendaráði. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu skólans.

7.2 Foreldrafélag

Á hverju hausti heldur foreldrafélagið aðalfund og þar er kosið í ráð og nefndir.

Foreldrafélag hugar að þörfum nemenda og er í samstarfi við stjórnendur skólans um ýmis mál. Foreldrafélag stendur fyrir jólafundri fyrir nemendur, vorhátíð og foreldrarölti.

Útskriftarferð 10. bekkinga er alfarið á vegum foreldra í 10. bekk. Foreldrafélagið heldur einnig utan um starfsemi bekkjarfulltrúa foreldra og styrkir ýmsa þætti í skólastarfinu.

Foreldrafélagið birtir fundargerðir og aðrar upplýsingar félagsins á heimasíðu Kársnesskóla.

Netfang foreldrafélagsins er foreldrafelag-kars@kopavogur.is

Stjórn foreldrafélagsins skipa: Aðalsteinn Möller, Aldís Rún Lárusdóttir, Helga Guðný Sigurðardóttir, Indriði Ingi Stefánsson, Kristjana Hildur Kristjánsdóttir, Ragna Finnbogadóttir, Rikke Pedersen, Súsanna Pétursdóttir og Þórleif Kristín Hauksdóttir.

7.3 Bekkjarfulltrúar og nemendaráð

Við skólann starfar nemendaráð á hverju stigi og er ráðið í umsjón deildarstjóra. Á yngsta- og miðstigi eru tveir fulltrúar úr hverri bekkjardeild valdir af bekkjarfélögum til að sitja í ráðinu. Ráðin funda 2 – 3 sinnum á önn um skólabrag og fara yfir hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað má betur fara.

Á elsta stigi er eitt sameiginlegt nemendaráð fyrir skólann og EKKÓ og sitja fimm nemendur úr hverjum árgangi í því ráði. Meðlimir ráðsins eru kosnir af bekkjarfélögum. Ráðið fundar 3 sinnum í mánuði með EKKÓ og einu sinni í mánuði með deildarstjóra elsta stigs. Í EKKÓ skipuleggur ráðið starf vetrarins og undirbýr hina ýmsu viðburði auk þess að sitja í nefndum á vegum félagsmiðstöðvanna. Með deildarstjóra er farið yfir skólabrag, niðurstöður Skólapúlsins og hvaðeina sem brennur á nemendum og/eða stjórnendum vinna

með. Bekkjarfulltrúar allra ráða koma með umræðuefni af bekkjarfundum og stjórnendur setja bekkjarfulltrúum fyrir ýmis umræðuefni fyrir bekkjarfundi.

Listi yfir bekkjarfulltrúa 2022 – 2023 verður birtur á heimasíðu skólans um leið og hann liggur fyrir.

Tveir nemendur úr nemendaráði elsta stigs sitja í skólaráði Kársnesskóla.

7.4 Nefndir

Flestir kennarar sitja í a.m.k. einni nefnd sem heldur utan um og stýrir faglegu starfi innan skólans. Nefndir skólaárið 2022 – 2023 eru: Grænánanefnd, læsisnefnd, spjaldtölvunefnd, vinaliðanefnd, nefnd um innra mat, öryggisnefnd, viðburðarnefnd og skemmtinefnd. Stjórnendur skipta milli sín umsjón og ábyrgð með nefndum og boða til funda. Nefndarmenn skrá fundargerðir.

7.5 Fundir

- Starfsmannafundir, kennarafundir og stigsfundir eru á miðvikudögum kl. 14:30 – 16:00 og fræðslufundir ýmist á miðviku- eða fimmtudögum á sama tíma. Á skóladagatali ætluðu starfsfólki er áætlun um starfsmanna- og kennarafundi, stigsfundi, menntabúðir og jafningjafræðslu en fræðslufundir eru auglýstir í vikufréttum starfsmanna. Fundargerðir eru aðgengilegar starfsfólki á sameiginlegu drifi.
- Nefndarfundir og teymisfundir eru skipulagðir af þeim sem þá sækja.
- Skólastjórnarfundir eru á þriðjudögum, oftast ef þurfa þykir.
- Nemendaverndarráð fundar á fimmtudögum. Fundargerð er trúnaðarmál og öll gögn ráðsins eru geymd í læstum skjalaskápum.
- Eineltiráðsfundir eru hálfsmánaðarlega, oftast ef þurfa þykir.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf er með hefðbundnum hætti gegnum símtöl, tölvupóst og InfoMentor.is auk þess sem foreldrar koma til viðtals í skólann einu sinni á hverri önn. Kennarar og skólastjórnendur hafa ekki skipulagða viðtalstíma enda er skólinn alltaf opinn foreldrum.

Í byrjun september eru haustfundir þar sem kennarar kynna starf vetrarins fyrir foreldrum. Fundirnir eru í höndum umsjónarkennara nema hjá 1. bekk þar sem deildarstjóri, sálfræðingur, forstöðumaður frístundar og fleiri kynna skólastarfið.

Annað hvort ár er foreldrum barna með annað móðurmál en íslensku boðið á námskeið í september/október, í umsjón skólastjórnenda og kennsluráðgjafa menntasviðs.

Foreldrum/forráðamönnum nemenda í 10. bekk er boðið til kynningarfundar á framhaldsskólum í janúar þar sem einnig er farið yfir námsmat og inntökukröfur framhaldsskólanna.

Foreldrakynningar eru haldnar í mörgum árgöngum nokkrum sinnum yfir árið og tengjast oftast ákveðnum verkefnum þar sem nemendur kynna fjölbreytt verkefni söguaðferðar eða annarra þemaverkefna með ýmsum hætti. Jafnan er boðið upp á einhverjar veitingar.

Yfir veturinn er foreldrum boðið á ýmsa fyrirlestra um það efni sem brennur á skólasamfélaginu hverju sinni. Í vetur hefur skólasálfræðingur sett saman dagskrá fræðsluerinda þar sem hann tekur fyrir fjölbreytt umræðuefni ýmist í formi veffunda eða staðfunda í skólanum.

Skólastjórnendur bjóða foreldrum í morgunspjall í febrúar – mars. Þar gefst foreldrum tækifæri á að ræða skólastarfið og koma með ábendingar um það. Skólastjórnendur nýta jafnframt tækifærið og leggja til grundvallar ákveðin umræðuefni.

Foreldrafélagið fundar reglulega með skólastjóra og hefur greiðan aðgang að öllum stjórnendum skólans. Formaður foreldrafélagsins er með lykil að skólahúsneðinu.

9. Innra mat

Innra mat skólans er m.a. unnið í samstarfi við Skólapúlsinn og er um að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð. Nemendakannanir eru lagðar fyrir hóp nemenda (úrtak) í hverjum mánuði. Matsþættirnir eru virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi auk þess sem öllum gefst kostur á að lýsa í opnum svörum því sem er gott við skólann eða má bæta. Nemendur svara könnun undir leiðsögn ritara. Deildarstjórar fara yfir mánaðarlegar niðurstöður og ræða þær við kennara og í nemendaráði. Í lok skólaárs eru heildarniðurstöður teknar saman og birtar á heimasíðu skólans.

Skólastjórn og nefnd um innra mat vinnur með niðurstöður og gerir umbótaáætlun. Foreldrakönnun er send úrtaki foreldra seinnipart vetrar (þriðja hvert ár) og niðurstöður birtast skólanum nokkrum vikum seinna. Starfsmannakönnun er gerð þriðja hvert ár og taka allir starfsmenn þátt í henni.

Skýrslur, námsmat, niðurstöður skimunarprófa, minni viðhorfakannanir, tengslakannanir, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl, niðurstöður rýnihópa og fleira eru einnig nýtt í innra mati skólans. Nánar um innra mat skólans má lesa í fylgiskjölum.

Kannanir 2021 – 2022 voru:

- Nemendakönnun, úrtak nemenda í hverjum mánuði
- Starfsmannakönnun

Skólaárið 2022 – 2023 verður nemendakönnun, úrtak nemenda í hverjum mánuði.

Í vetur verður unnið með niðurstöður nemendakönnunar úr Skólapúlsinum frá síðasta skólaári, en ekki náðist nægileg þátttaka í starfsmannakönnun til að vinna úrbótaáætlun.

9.1 Niðurstöður nemendakönnunar

Könnun hófst í ágúst 2021 og lauk í júní 2022. Handahófskennt úrtak nemenda í 6. – 10. bekk var dregið út mánaðarlega og svaraði könnuninni. Þátttakendur voru 270, svarendur 227 og svarhlutfall 84,1%.

Gerður hefur verið samanburður þau ár sem Skólapúlsinn hefur verið nýttur í innra mati á skólastarfi Kársnesskóla. Hér má sjá þróun síðustu 6 árin í nemendakönnuninni.

	2016 Skólinn	2016 Landið	2017 Skólinn	2017 Landið	2018 Skólinn	2018 Landið	2019 Skólinn	2019 Landið	2020 Skólinn	2020 Landið	2021 Skólinn	2021 Landið	2022 Skólinn	2022 Landið
Ánægja af lestri	5,1	5	5,3	4,9	4,9	4,8	4,8	4,8	4,8	4,7	4,6	4,5	4,4	4,4
Þrautseigja í námi	4,8	5,1	4,9	5,1	4,5	5,0	4,6	4,9	4,9	4,8	4,9	4,6	4,8	4,5
Áhugi á stærðfræði	5,1	5,2	5,1	5,2	5,0	5,1	5,5	5,5	5,1	5,0	4,9	4,8	4,9	4,8
Áhugi á náttúrufræði	5	5,1	5	5	4,9	4,9	4,8	4,8	4,4	4,8	4,9	4,7	4,9	4,5
Trú á eigin vinnubrögð	5,2	5,2	5	5,1	4,6	5,0	4,6	4,9	4,7	4,8	4,6	4,5	4,8	4,4
Trú á eigin námsgetu	5,2	5,1	5	5	4,5	4,8	4,8	4,8	4,6	4,7	4,6	4,5	5,3	4,9
Sjálfsálit	5,1	5,1	5	5	4,8	4,9	4,8	4,7	4,6	4,5	4,5	4,2	4,7	4,3
Stjórn á eigin lífi	4,9	5	4,8	4,9	4,7	4,9	4,7	4,7	4,6	4,6	4,7	4,3	4,8	4,3
Vellíðan	5	5	5	4,9	4,6	4,9	4,8	4,8	4,5	4,6	4,7	4,4	4,7	4,3
Einelti	5,2	5,1	5,2	5,2	5,3	5,2	5,3	5,3	5,5	5,4	5,3	5,6	5,2	5,6
Tíðni eineltis í %	9,6	11,4	12,6	11,6	10,5	12,3	7,9	12,2	11,1	12,5	8,8	13,6	9,1	14,6
Hreyfing í %	73,8	71,9	51,5	41,7	45,3	40,6	46,5	44,7	49,2	45,6	48,9	43,7	54,9	44,4
Hollt mataræði	5,1	4,9	4,8	4,8	5,0	4,8	4,9	4,8	4,7	4,7	4,7	4,6	4,9	4,6
Samsömun við nemendahóp	4,9	5,1	4,9	5,1	5,0	5,0	4,9	4,9	5,0	5,0	5,1	4,8	5,2	4,8
Samband nem. við kennara	5,1	5,1	5,1	5,1	4,4	5,0	5,0	5,0	5,0	4,9	5,2	4,9	5,3	4,8
Agi í tímum	4,6	5,1	4,4	5,1	4,2	5,0	4,6	4,6	5,0	4,9	4,9	4,9	5,0	4,9
Virk þátttaka nem. í tímum	5,2	5,2	5,4	5,2	4,6	5,1	4,9	5,1	5,3	5,1	5,2	5,0	5,1	4,9
Mikilvægi heimavinnu	5,4	5	5,3	4,8	4,6	4,7	4,7	4,7						
Tíðni leiðsagnarmats									5,2	5,0	5,1	5,0	5,0	4,9

9.4 Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2022 – 2023

Í vetur fylgjum við langtímaáætlun okkar um innra mat á skólastarfi og leggjum áherslu á vellíðan nemenda, lýðræðisleg vinnubrögð og þátttöku og ábyrgð nemenda. Við beinum sjónum okkar einnig að skólaþróun, faglegu samstarfi, skólanámskrá og innra mati. Ítarlegri upplýsingar um umbætur má lesa í sjálfsmatsskýrslu 2021 - 2022 en hana er að finna á heimasíðu skólans.

Langtímaáætlun um innra mat í Kársnesskóla 2020 - 2024

Viðfangsefni	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 - 2024
Nám og kennsla				
Inntak og árangur	x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu	x	x	x	x

Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda	x	x	x	x
Framkvæmd skólastefnu	x		x	

Stjórnun og skipulag

Skólaþróun og starfsþróun	x	x	x	x
Stjórnun skólans		x		x
Faglegt samstarf	x		x	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og verklagsreglur	x	x	x	x

Mannauður

Fagmennska starfsfólks		x		x
Starfánægja og aðbúnaður		x		x

Skólabragur

Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan nemenda	x	x	x	x
Samstarf heimila og skóla		x		x

Innra mat

Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x
Framkvæmd innra mats	x		x	

Áhersla á fræðslu til foreldra er mikil sem fyrr og verður annar skólasálfræðingurinn með fyrirlestraröð fyrir foreldra, t.d. um sjálfsmynd barna/unglinga, kvíða, áhrifarík samskipti, tilfinningatjáningu barna/unglinga og ADHD.

Skólasálfræðingur verður jafnframt með fræðslu/vinnufundi með nemendum þar sem hann setur tilfinningar, tilfinningavanda og félagslegt samspil á oddinn. Nemendur fá að auki fjölbreytta fræðslu skv. forvarnaráætlun skólans (sjá á heimasíðu).

Menntabúðir foreldra verða á skólaárinu og í febrúar/mars er foreldrakaffi þar sem stjórnendur hitta foreldra til skrafs og ráðgerða.

10. Upplýsingar um stoðþjónustu

10.1 Talmeinafræðingur

Einn talmeinafræðingur er í hlutastarfi við skólann og sinnir hann fyrst og fremst talþjálfun yngri nemenda. Talmeinafræðingur er Signý Gunnarsdóttir, hún er með viðveru á þriðjudögum.

10.2 Sálfræðingur

Skólasálfræðingar eru tveir, hvor um sig í hlutastarfi; Erlendur Egilsson og Tinna Björk Baldvinsdóttir. Sálfræðingar eru samtals öllu jafna með viðveru 3 – 4 daga í viku. Hægt er að leita til skólasálfræðings vegna erfiðleika hjá nemendum sem tengjast skólagöngunni, m.a. námserfiðleika og tilfinninga- og félagslegra erfiðleika. Ef óskað er eftir aðstoð sálfræðings sækir umsjónarkennari um hana í samráði við forráðamenn barnsins. Umsóknin fer fyrir nemendaverndarráð sem tekur ákvörðun um hvort vísa eigi málinu til sálfræðings. Ávallt skal liggja fyrir samþykki forráðamanna áður en afskipti sálfræðings hefjast um málefni barnsins. Nemendur í 9. og 10. bekk mega þó óska eftir viðtali við sálfræðings án samþykkis foreldra. Sálfræðingur er einnig ráðgefandi við kennara auk þess sem hann heldur námskeið og fyrirlestra fyrir nemendahópa, foreldra og starfsfólk. Sálfræðingur situr í nemendaverndarráði.

10.3 Skólaheilsugæsla

Skólaheilsugæsla Kópavogs er á vegum Heilsugæslunnar í Kópavogi. Markmið heilsugæslu í skólum er að stuðla að því að börn fái að þroskast við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæslan aflar upplýsinga um öll börn við upphaf skólagöngunnar varðandi heilsu og hegðun og er nauðsynlegt að skólinn og þar með talið skólahjúkrunarfræðingur fái upplýsingar um heilsu barnsins og hagi þess t.d. ef barnið er með einhverja sjúkdóma og er á lyfjum, spítaladvöl barnsins, flutninga fjölskyldunnar, skilnað foreldra og alvarleg veikindi eða missi náins ættingja því slíkt getur haft áhrif á líðan barnsins, námsgetu þess og hegðun. Verði barnið fyrir slysi í skólanum veitir hjúkrunarfræðingur eða kennarar fyrstu hjálp en haft er samband við foreldra/forráðamenn eins fljótt og auðið er. Skólaheilsugæslan sinnir almennri heilsufræðslu í öllum árgöngum og sendir fræðslufni til foreldra svokölluð H6. Skólahjúkrunarfræðingur á sæti í nemendaverndarráði. Skólahjúkrun sinna Alma Egilsdóttir og Kristín Lilja Jónsdóttir.

10.4 Námsráðgjafi

Námsráðgjafi er trúnaðarmaður nemenda og stendur vörð um félagslega og andlega velferð þeirra. Nemendur geta leitað til hans með málefni sem tengjast náminu og persónuleg mál sem þeir vilja ræða í trúnaði. Námsráðgjafi vinnur í nánú sambandi við foreldra eftir því sem við á.

Námsráðgjafi situr í nemendaverndarráði sem er formlegur starfsvettvangur þeirra er annast þjónustu við nemendur. Hann á einnig sæti í áfallaráði og eineltisteymi skólans auk þess að sjá um tengslakannanir. Hann veitir einnig kennurum leiðsögn varðandi ákveðna nemendur.

Námsráðgjafi kennir náms- og starfsfræðslu í 9. bekk og 10. bekk, eina kennslustund á viku. Námsráðgjafi býður öllum nemendum í 10. bekk í námsviðtal á haustönn og annað viðtal ásamt forráðamönnum á vorönn þar sem farið er yfir áhugasvið nemandans hvað varðar áframhaldandi skólagöngu.

Námsráðgjafi í 100% starfshlutfalli er Ásthildur G. Guðlaugsdóttir.

10.5 Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð Kársnesskóla starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, skólasálfræðingur og sérkennarar. Ráðið fer yfir og metur umsóknir um stoðþjónustu og kemur erindum í farveg sem leiðir til lausna. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Umsjónarkennari, námsráðgjafi og/eða foreldrar sækja um á sérstöku eyðublaði til nemendaverndarráðs. Fundað er vikulega og ábyrgðaraðilar eru deildarstjórar. Allar umsóknir um stoðþjónustu þurfa að fara í gengum nemendaverndarráð.

10.6 Þjónusta frá Menntasviði

Kársnesskóli nýtir þjónustu kennsluráðgjafa og verkefnastjóra frá Menntasviði, bæði fyrir einstaka nemendur og námshópa. Jóhann Pétur Herbertsson fjölskylduráðgjafi og Jóhanna María Eyjólfsdóttir djákni eru með forvarnarverkefnið *Að verða betri ég* fyrir litla hópa á mið- og elsta stigi, einu sinni í viku frá ágúst fram í janúar.

11. Tómsundastarf og félagslíf

11.1 Félagsmiðstöðin EKKÓ

Í skólanum er starfrækt félagsmiðstöðin EKKÓ undir stjórn Maríönnu Wathne Kristjánsdóttur. Skólinn heldur jólaball og árshátíð á elsta stigi í samstarfi við félagsmiðstöðina. Einnig eru haldin nokkur opin hús fyrir 6. og 7. bekk yfir veturinn. Að öðru leyti er starfsemi EKKÓ á þeirra vegum.

11.2 Félagslíf á vegum skólans

Á yngsta stigi hefst skóladagurinn þrisvar sinnum í viku með söngstund þar sem nemendur í koma saman á sal syngja undir stjórn tónmenntakennara.

Samverustundir á sal eru fyrir alla árganga á yngsta- og miðstigi nokkrum sinnum yfir veturinn. Bekkir skiptast á að sjá um skemmtiatriði.

Jólastundir eru haldnar fyrir alla bekkir á síðasta degi fyrir jólaaleyfi.

Páskabingó er haldið fyrir miðstigið í síðasta tíma á föstudegi fyrir páskaleyfi.

Vorferðir eru í öllum árgöngum þar sem kennarar skipuleggja stuttar ferðir í nágrenni Kópavogs.

Foreldrakynningar eru í 1. – 7. bekk um það bil tvisvar til þrisvar sinnum yfir veturinn, á skólatíma eða eftir skóla. Þær eru undir stjórn umsjónarkennara þar sem verkefni nemenda er kynnt, oftast í tengslum við lok á sögurömmum.

10. bekkur fer í vorferðalag sem foreldrarnir skipuleggja alfarið.

Jólaball og árshátíð er haldin fyrir nemendur á elsta stigi, og þar vinna saman starfsmenn skólans og starfsmenn EKKÓ. Árshátíð yngsta- og miðstigs er haldin daginn eftir árshátíð elsta stigs.

Skólahreysti er árleg hreystikeppni elstu nemenda í grunnskólum landsins. Kársnesskóli tekur þátt í henni og þjálfar íþróttakennari keppendur skólans. Fjölmennt klapplið fylgir keppendum á keppnisdegi.

7. bekkur tekur þátt í fótboltamóti allra skóla í Kópavogi á vordögum.

Allir nemendur taka þátt í Kársneshlaupi sem fer fram síðasta skóladag skólaársins.

11.3 Vettvangsferðir

Á hverju ári skila kennarar inn óskum um vettvangsferðir og fer skólastjóri yfir þær með tilliti til fjármagns sem skólinn hefur. Allar vettvangsferðir sem skólinn greiðir fyrir eru tengdar ákveðnum námsgreinum eða skólaverkefnum. Fastir liðir eru þessir:

1. bekkur – Hellisgerði
2. bekkur – Sandgerði
3. bekkur – Árbæjarsafn
4. bekkur – Borgarferð (Reykjavík)
5. bekkur – Þingvellir
6. bekkur – Reykholt

Skólinn hefur yfir að ráða fjölmörgum strætókortum sem kennarar eru hvattir til að nýta sér í styttri ferðir innan höfuðborgarsvæðisins, s.s. á Vísindasafnið, á Skólapingið og á söfn víða um svæðið.

11.4 Skólabúðir

7. bekkir fara ásamt umsjónarkennurum í Skólabúðir UMFÍ að Reykjum í Hrútafirði og dvelja þar í 5 daga.

9. bekkungum stendur til boða að fara í 5 daga ferð í ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ á Laugarvatni. Það er undir foreldrum komið ár hvert hvort að ferðinni verður, en þeir þurfa alfarið að standa undir kostnaði auk þess að sjá um fararstjórn í samstarfi við umsjónarkennara árgangsins.

Foreldrar standa straum að kostnaði við þessar ferðir en foreldrafélagið hefur veitt styrki fyrir rútukostnaði.

12. Starfsþróun

Áætlun um starfsþróun er unnin upp úr samtölum við kennara og aðra starfsmenn, úr niðurstöðum kannana Skólapúlsins og úr umbótaáætlun skólans. Áhersluatriði í vetur eru nefnd hér:

Nám og kennsla - kennsluhættir

- læsisstefna endurskoðuð af kennurum
- ákveðnir kennarar fara á námskeið um lestur og læsi
- fræðsla um forrit fyrir lesblinda, allir kennarar
- menntabúðir í skólum Kópavogs, allir kennarar
- grunnþættir menntunar, hvernig birtast þeir í áætlunum og starfi, kennarar rýna

Nám og kennsla – lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda

- Okkar skóli, fræðsla fyrir alla kennara
- söguaðferðin og þema á elsta stigi, kennarar rýna þátttöku og ábyrgð nemenda
- nemendastýrð foreldraviðtöl, fræðsla fyrir alla kennara og framkvæmd í febrúar 2023

Skólabragur – velferð og vellíðan nemenda

- nemendastýrð foreldraviðtöl
- gildi skólans, rýni og endurskoðun starfsmanna
- réttindi og velferð nemenda, fræðsla fyrir alla kennara
- hinsegin fræðsla fyrir alla kennara
- Uppeldi til ábyrgðar, upprifjun

Önnur viðfangsefni:

- jafningjafræðsla: mánaðarlegir fundir þar sem kennarar deila með jafningjum verkefnum/vinnufyrirkomulagi eða öðru úr starfinu
- brunavarnir; farið yfir brunavarnir í skólanum.
- sálfræðingur skólans verður með hvatningar- og fræðsluerindi m.a. um líðan í starfi, áfall á vinnustað o.fl.

Auk þessa fara kennarar á fjölbreytt námskeið á vegum Kópavogsbæjar, UTÍS, menntakviku HÍ, ráðstefnur og námskeið sem þeir velja sjálfir eftir þörfum og áhugasviði.

13. Viðbragðsáætlanir

Á heimasíðu skólans er að finna viðbragðsáætlanir sem gefnar eru út á vegum Almannavarnardeildar ríkislögreglu, sóttvarnarlæknis, menntamálaráðuneytisins og Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins og er stuðst við þær þegar vá er yfirvofandi.

Rýmingaráætlun skólans við bruna, jarðskjálfta og ógnandi hegðun/hótunum er að finna á heimasíðu skólans.

14. Skólaakstur/skólamáltíðir

14.1 Skólaakstur

Skólaakstur er á vegum fyrirtækisins Teitur Jónasson.

Nemendur úr Sæbólshverfi eru sóttir á Sæbólsbraut að morgni. Skólaakstur er svo til baka frá Kársnesskóla að Sæbólsbraut kl. 13:35 fyrir nemendur í 1.- 4. bekk.

14.2 Skólamáltíðir

Allur matur er matreiddur í Vallargerði og framreiddur þar. Matreiðslumeistari er S. Sævar Pálsson og hefur hann matráða og skólaliða sér til aðstoðar í eldhúsinu. Mataráskrift fer fram í gegnum Vala.is.

Skólinn býður öllum nemendum upp á að fá sér hafragraut í morgunmat og nemendur á elsta stigi geta keypt sér brauð, ávexti og safa í morgunhressingu kl. 9:30.

15. Undirritun starfsáætlunar

Þessi starfsáætlun hefur verið kynnt í skólaráði og samþykkt af öllum fulltrúum.

Gert í Kópavogi 4. október 2022

Björg Baldursdóttir skólastjóri

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi foreldra

Fulltrúi starfsmanna

Fulltrúi kennara

Fulltrúi nemenda

Fulltrúi grenndarsamfélags

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Innra mat skólans

Innra mat skólans er:

Altækt: Innra mat skólans nær til allra þátta skólasamfélagsins samkvæmt skilgreiningu í nýrri aðalnámskrá. Skólapúlsinn er með ákveðnar grunnspurningar en stjórnendur skóla geta bætt við eða framkvæmt kannanir sjálfir. Mismunandi áherslur eru á hverju ári.

Áreiðanlegt: Gögn sem stuðst er við eru niðurstöður og mælingar frá Skólapúlsinum, gögn sem haldið er til haga á hverju ári er varðar nemendur, svo sem námsmat, fjarvistir og fl. Niðurstöður úr viðhorfakönnunum sem skólinn gerir á eigin vegum. Viðhorfakannanir nemenda, foreldra og starfsmanna.

Samstarfsmiðað: Skólastjórn kynnir öllum aðilum skólasamfélagsins um fyrirhugaðar kannanir. Skólastjóri er ábyrgðarmaður vinnunnar. Allir aðilar skólasamfélagsins taka þátt í könnunum og umræðum um þær.

Umbótamiðað: Niðurstöður og viðmiðmið um árangur eru kynntar hagsmunaaðilum skólasamfélagsins á ári hverju. Gerð er umbótaáætlun þar sem fram koma þættir sem þurfa úrbætur, áætlun um aðgerðir og ábyrgð.

Árangursmiðað: Í byrjun skólaárs eru niðurstöður og umbótaáætlun fyrra árs yfirfarnar og þá metið hvaða aðgerðir eru innleiddar og viðhaldið á nýju skólaári.

Stofnana og einstaklingsmiðað: Unnið er markvisst með niðurstöður úr samræmdum prófum og þar eru sett þau viðmið að 20% nemenda í hverjum árgangi séu meðal þeirra efstu á landsvísi. Mat á stjórnun og kenngu koma fram í nemenda- og foreldrakönnunum Skólapúlsins.

Lýsandi: Í starfsáætlun skólans kemur fram lýsing á starfsemi skólans sem er í takt við markmið og hlutverk skólans.

Greinandi: Þegar niðurstöður kannana liggja fyrir í lok skólaárs er gerð styrkleika- og veikleikagreining.

Opinbert: Sjálfsmatsskýrsla hefur verð birt sérstaklega á heimsíðu skólans undir starfsáætlun. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkur. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

